



# Menntaskólinn á Akureyri

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016



RÍKISENDURSKOÐUN

Desember 2017

# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	2
2	Niðurstöður og ábendingar .....	3
3	Fjárheimildir og rekstur .....	4
3.1	Fjárheimildir .....	4
3.2	Rekstraráætlun.....	4
3.3	Niðurstaða.....	4
4	Innra eftirlit.....	5
4.1	Inngangur .....	5
4.2	Eftirlitsumhverfi .....	5
4.2.1	Launagjöld og starfsmannamál.....	5
4.2.2	Tekjur .....	5
4.2.3	Rekstrargjöld.....	6
4.3	Niðurstaða.....	6
5	Fylgni við lög og reglur.....	7
5.1	Lög og reglugerðir .....	7
5.1.1	Ferðakostnaður.....	7
5.1.2	Opinber innkaup .....	7
5.1.3	Innkaupakort.....	7
5.1.4	Virðisaukaskattur .....	7
5.2	Niðurstaða.....	7
6	Endurskoðun rekstrarliða .....	8
6.1	Tekjur .....	8
6.2	Laun og launatengd gjöld.....	8
6.3	Önnur rekstrargjöld.....	8
6.4	Niðurstaða.....	9
7	Endurskoðun efnahagsliða .....	10
7.1	Eignir .....	10
7.1.1	Ríkissjóður.....	10
7.1.2	Skammtímakröfur .....	10
7.1.3	Gjafasjóður.....	10
7.1.4	Vörslufé.....	10
7.1.5	Handbært fé.....	11
7.2	Eigið fé og skuldir .....	11
7.2.1	Höfuðstóll .....	11
7.2.2	Skammtímaskuldir aðrar.....	11
7.3	Niðurstaða.....	11
8	Önnur atriði .....	12
8.1	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	12
8.2	Lögfræðibréf .....	12
8.3	Óhæðisyfirlýsing.....	12
8.4	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	12

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Menntaskólans á Akureyri fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur, samninga og rekstrarverkefni þar sem við á.

Ársreikningur Menntaskólans á Akureyri var síðast tekinn til skoðunar á árinu 2015 vegna ársins 2014.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Menntaskólans á Akureyri fyrir árið 2016 var í meginatriðum án athugasemda.

## 3 Fjárheimildir og rekstur

### 3.1 Fjárheimildir

Á fjárlögum fyrir árið 2016 nam framlag ríkissjóðs 760,2 m.kr. Viðbótarfjárheimildir á árinu námu samtals 49,9 m.kr. og skiptast þannig að 30,0 m.kr. voru á fjárukalögum vegna breytinga á tímaramma skólaárs frá og með árinu 2017. Launabætur voru 2,6 m.kr. og af fjárlagalið 02-319 voru millifærðar 17,3 m.kr. að mestu vegna námsorlofa. Endanleg fjárheimild var því 810,1 m.kr. Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu 784,6 m.kr. og varð því 25,5 m.kr. tekjuafgangur eða 3,15% innan fjárheimilda ársins 2016 samanborið við 3,1 m.kr. tekjuafgang eða 0,42% innan fjárheimilda árið áður.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016 ásamt samanburði við rekstur fyrra árs:

<b>Í þús. kr.</b>	<b>Fjárlög 2016</b>	<b>Fjárheimild 2016</b>	<b>Rekstur 2016</b>	<b>Frávik 2016</b>	<b>Rekstur 2015</b>
Ríkistekjur	-8.700	-8.700	-9.664	964	-8.772
Sértekjur	-48.600	-48.600	-44.858	-3.742	-37.764
Launagjöld	640.000	689.899	668.897	21.001	606.550
Önnur rekstrargjöld	164.400	164.400	164.436	-35	150.542
Eignakaup	13.100	13.100	5.246	7.854	10.494
Tilfærslur	0	0	553	-553	624
Samtals	760.200	810.099	784.610	25.489	721.674

### 3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Rekstraráætlun fyrir Menntaskólann á Akureyri árið 2016 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins og var gert ráð fyrir 5,1 m.kr. tekjuhalla í rekstraráætlun í byrjun árs. Niðurstaða ársins varð 25,5 m.kr. tekjuafgangur eða 30,6 m.kr. frávik frá rekstraráætlun. Frávikið skýrist af viðbótarframlagi á fjárukalögum sem samþykkt var í árslok 2016.

### 3.3 Niðurstaða

Tekjuafgangur ársins 2016 nam 25,5 m.kr. og var 30,6 m.kr. hærri en rekstraráætlun skólans í upphafi ársins. Uppsafnaður tekjuafgangur Menntaskólans á Akureyri nam 11,8 m.kr. í árslok 2016.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Skólameistari Menntaskólans á Akureyri ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

### 4.2 Eftirlitsumhverfi

Greining og mat á eftirlitsumhverfinu bendir til þess að innra eftirlit sé almennt í lagi en bæta þarf skjölun verklagsreglna og koma á aðgreiningu starfa fyrir greiðslur og bókhald. Skipurit er til fyrir skólann og Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað fyrir fjárhagsbókhald og launavinnslu.

#### 4.2.1 Launagjöld og starfsmannamál

Ráðningarsamningar eru gerðir við starfsmenn og skólameistari staðfestir ráðningu starfsmanns með undirritun sinni. Fjármálastjóri sér um varðveislu gagna vegna ráðninga og breytinga á kjörum ásamt því að skila gögnum til Fjársýslu ríkisins vegna launavinnslu hverju sinni. Viðveruskráningarkerfi er ekki til staðar hjá skólanum. Fjarvera kennara er skráð í Innu sem er upplýsingakerfi fyrir skóla.

Ríkisendurskoðun leggur til að haft verði samráð við Fjársýslu ríkisins um innleiðingu viðveruskráningarkerfisins Vinnustundar. Kerfið heldur utan um viðveruskráningu, fjarvistir og skil á upplýsingum til launakerfis. Ríkisendurskoðun bendir á að æskilegt er að allir sem fá greidd laun frá skólanum noti kerfið m.a. til að auka gagnsæi í skráningu á orlofstöku og annarri fjarveru enda býður Vinnustund upp á ýmsa möguleika til vinnusparnaðar við launaskráningu auk utanumhalds um viðveru og fjarvistarréttindi starfsmanna.

#### 4.2.2 Tekjur

Nemendagjöld eru skráð og innheimt í tekjubókhaldskerfi ríkisins samkvæmt upplýsingum úr Innu og skrifstofustjóri sér um álagningu. Fjármálastjóri sér síðan um útsendingu greiðsluseðla eftir atvikum. Ríkisendurskoðun bendir á að reglulega þarf að gera afstemmingu á milli þessara tveggja kerfa. Einnig þarf að skrá ítarlega tekjuferla fyrir aðrar tekjur, sem eru að miklu leyti staðgreiðslutekjur, sem ýmist er skilað með dagsuppgjörum frá ritara eða innborgunum á bankareikninga.

### 4.2.3 Rekstrargjöld

Ritari skráir reikninga í viðskiptaskuldahluta fjárhagskerfisins, sendir þá til fjármálastjóra sem fer yfir viðfangsefnanúmer og tegund. Þaðan eru þeir áframsendir til deildarstjóra og svo til skólameistara til lokasamþykktar til greiðslu. Fjármálastjóri greiðir reikningana en hefur jafnframt með höndum skráningu í aðalbók, bæði tekjur og gjöld, ásamt afstemmingum bankareikninga. Innkaupakortareikningar eru skráðir beint í aðalbók. Með tilliti til innra eftirlits hafa verkefni starfsmanna sem koma að fjármálum og bókhaldi verið endurskipulögð með aðgreiningu starfa í huga og tekur sú breyting gildi frá og með 1. janúar 2018.

## 4.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á eftirfarandi atriði varðandi innra eftirlit hjá Menntaskólanum á Akureyri:

- Viðveruskráningarkerfi er ekki til staðar hjá skólanum. Ríkisendurskoðun bendir á að haft verði samband við Fjársýslu ríkisins um skoðun á viðveruskráningarkerfi.
- Gera þarf afstemmingu á milli Innu og tekjubókhaldskerfis.
- Skjala þarf verklagsreglur og skipulag innra eftirlits.

## 5 Fylgni við lög og reglur

### 5.1 Lög og reglugerðir

Fjárhagsendurskoðun tekur mið af því hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á. Fjallað er sérstakleg um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 3. Eftirtaldir liðir voru teknir til skoðunar:

#### 5.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugun á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt að mestu leyti, en bæta má vinnu við uppgjör til að tryggja rétta útreikninga og skil á viðeigandi gögnum. Eyðublað fyrir ferðaheimild er ekki notað en ferðareikningi er skilað á eyðublaði sem Fjárskýsla ríkisins hefur látið gera og fer uppgjör ferða eftir þeim útreikningi.

#### 5.1.2 Opinber innkaup

Hvorki eru til skráðar verklagsreglur um innkaup hjá Menntaskólanum á Akureyri né skrifleg innkaupastefna. Samkvæmt upplýsingum fjármálastjóra fer skólinn eftir þeim lögum og reglum sem gilda um opinber innkaup almennt. Rammasamningar eru nýttir við ýmis innkaup og innkaupastefna skólans felur í sér að skilja eftir sem fæst vistspor og að leita tilboða hverju sinni. Ríkisendurskoðun leggur til að skólinn setji sér innkaupastefnu og skriflegar verklagsreglur um innkaup eftir atvikum.

#### 5.1.3 Innkaupakort

Menntaskólinn á Akureyri nýtir innkaupakort og eru sjö starfsmenn skólans með slík kort. Ekki eru til staðar verklagsreglur um notkun kortanna en ætlast er til að hver og einn starfsmaður nýti þau í það sem tilheyrir starfi viðkomandi. Ríkisendurskoðun leggur til að þeir sem fá slík kort undirriti reglur um notkun innkaupakorts við móttöku þar sem korthafi staðfestir ábyrgð sína sem handhafi kortsins, ásamt því að hámarksheimild korta verði endurskoðuð.

#### 5.1.4 Virðisaukaskattur

Bókun og merking færslna reikninga sem bera virðisaukaskatt eru í samræmi við fyrirmæli Fjárskýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts færir reglulega til eignar á viðskiptareikning stofnunarinnar við ríkissjóð.

### 5.2 Niðurstaða

Ekki verður annað séð en að Menntaskólinn á Akureyri fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta. Þó bendir Ríkisendurskoðun á að:

- Bæta má verklag við uppgjör og umsýslu ferðareikninga.
- Æskilegt er að verklag við innkaup og notkun innkaupakorta verði skjalfest.



## 6 Endurskoðun rekstrarliða

Tekjur Menntaskólans á Akureyri árið 2016 námu 54,5 m.kr. og gjöld 839,1 m.kr. eins og fram kemur í neðangreindri töflu:

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Tekjur:			
Sértekjur	44.858	37.764	7.094
Aðrar rekstrartekjur	9.664	8.772	892
Tekjur alls	54.522	46.536	7.986
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	668.266	605.591	62.675
Ferðir og fundir	10.398	5.343	5.055
Rekstrarvörur	16.170	14.968	1.202
Aðkeypt þjónusta	23.169	20.656	2.513
Húsnæði	114.967	110.316	4.651
Bifreiðar og vélar	127	76	51
Rekstrarkostnaður	6.036	11.260	-5.224
Gjöld alls	839.133	768.210	70.923

### 6.1 Tekjur

Tekjur námu 54,5 m.kr. sem er hækkun um 8,0 m.kr. frá fyrra ári. Þar af voru sértekjur samtals 44,9 m.kr. og aðrar rekstrartekjur 9,7 m.kr. Sértekjur skólans eru m.a. selt fæði, kostnaðarhlutdeild og framlög frá öðrum A-hluta stofnunum eða innlendum opinberum aðilum. Sértekjur eru færðar beint í fjárhagsbókhald skólans. Aðrar rekstrartekjur skólans eru innritunargjöld en upplýsingar um nemendur eru stofnaðar í Innu og fluttar í tekjubókhaldskerfið sem heldur utan um kröfurnar.

### 6.2 Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld námu 668,3 m.kr. sem er hækkun um 62,7 m.kr. frá fyrra ári. Greitt var fyrir 68,2 ársverk miðað við 66,6 ársverk á fyrra ári. Laun og launatengd gjöld eru stærsti gjaldaliður skólans og voru þau tekin til frekari skoðunar. Skoðaðar voru allar launahreyfingar starfsmanna á launalista og úrtak valið af handahófi þar sem m.a. var farið yfir ráðningarsamninga, launaseðla og önnur atriði í launavinnslu.

### 6.3 Önnur rekstrargjöld

Önnur rekstrargjöld námu 170,8 m.kr. sem er hækkun um 8,2 m.kr. frá fyrra ári. Húsnæðiskostnaður er stærsti liðurinn eða 115,0 m.kr. Þar af eru 62,0 m.kr. greiddar Fasteignum ríkisins en húsnæði skólans er að mestu í eigu ríkisins og 38,6 m.kr. til félagsins Lundur vegna heimavistar. Gjöldin eru ýmist færð í gegnum viðskiptaskuldakerfi

fjárhagskerfisins eða beint í gegnum fjárhagskerfið m.a. í þeim tilvikum þegar greitt er með innkaupakortum skólans.

## 6.4 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á eftirfarandi atriði varðandi rekstrarliði:

- Koma þarf á afstemmingu á milli Innu og tekjubókhaldskerfisins.

## 7 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2016 námu eignir 19,4 m.kr., skuldir námu 7,6 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 11,8 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
<b>Eignir:</b>			
Ríkissjóður	3.910	0	3.910
Skammtímakröfur	1.029	785	244
Gjafasjóður	1.729	1.673	56
Vörslufé	747	2.188	-1.441
Handbært fé	12.018	15.510	-3.492
Eignir alls	19.433	20.156	-723
<b>Eigið fé og skuldir:</b>			
Höfuðstóll	11.805	-27.284	39.089
Ríkissjóður	0	39.215	-39.215
Skammtímaskuldir aðrar	6.881	6.037	844
Vörslufé	747	2.188	-1.441
Eigið fé og skuldir alls	19.433	20.156	-723

### 7.1 Eignir

#### 7.1.1 Ríkissjóður

Inneign á viðskiptareikningi við ríkissjóð nam 3,9 m.kr. en var skuld árið áður er nam 39,2 m.kr.

#### 7.1.2 Skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur námu 1,0 m.kr., þar af voru 0,8 m.kr. vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts, sem fékkst greidd í ársbyrjun 2017.

#### 7.1.3 Gjafasjóður

Gjafasjóðir samanstanda af fimm bankareikningum með innstæðu samtals 1,7 m.kr. Samræmi var á milli stöðu bókhalds í árslok og staðfesta bankayfirlita. Ríkisendurskoðun bendir á að skoða þarf hvort loka megi bankareikningum gjafasjóða með lága fjárhæð og sem ekki hafa verið notaðir og flytja inneign á aðra bankareikninga í eigu skólans.

#### 7.1.4 Vörslufé

Vörslufé nam 747 þús.kr. sem er lækkun um 1,4 m.kr. frá fyrra ári. Um er að ræða þrjá bankareikninga vegna vörslufjár þar af einn vegna Erasmus-styrks. Tveir bankareikningar eru vegna námsáfanga í ferðamálafræði. Þetta eru þriggja anna áfangar og á síðustu önn fara nemendur í ferð til Evrópu. Nemendur greiða inn á vörslureikninginn á hverri önn sem fer í að standa undir kostnaði við ferðina. Vörslufé nær yfir fjármuni þeirra verkefna og sjóða sem eru í vörslu skólans varðandi bókhald og fjármál án þess að hafa fengið skipulagsskrá samþykta af

dómsmálaráðuneyti. Vörslufé er fært bæði til eignar og skuldar í bókhaldi skólans og er stemmt af við bankayfirlit og er ekki til ráðstöfunar fyrir skólann án samþykkis viðkomandi stjórnar eða stjórnenda.

### 7.1.5 Handbært fé

Handbært fé nam 12,0 m.kr. sem er lækkun um 3,5 m.kr. frá fyrra ári. Handbært fé samanstendur af átta bankareikningum, samtals 11,9 m.kr. og tveim smásjóðum vegna skiptimyntar, samtals 68 þús.kr. Annar sjóðurinn er hjá fjármálastjóra og hinn hjá ritara sem sér um að selja nemendum námsgögn. Samræmi var á milli stöðu bókhalds í árslok og staðfesta bankayfirlita. Ríkisendurskoðun bendir á að sjóðstalningar og bankaafstemmingar þarf að undirrita með nafni og dagsetningu og að það verði skoðað hvort fækka megi bankareikningum og smásjóðum.

## 7.2 Eigið fé og skuldir

### 7.2.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll nam 11,8 m.kr. í árslok 2016, sem er hækkun um 39,1 m.kr. frá fyrra ári. Hækkunin stafar af 13,6 m.kr. breytingu vegna lokafjárlaga 2015 og 25,5 m.kr. tekjuafgangi ársins 2016.

### 7.2.2 Skammtímaskuldir aðrar

Aðrar skammtímaskuldir námu 6,9 m.kr. sem er hækkun um 0,8 m.kr. frá fyrra ári. Þar af voru 5,1 m.kr. reikningar í viðskiptaskuldakerfi fjárhagskerfisins sem voru greiddir í byrjun næsta árs. Ógreidd gjöld fyrir utan viðskiptaskuldakerfið námu 1,8 m.kr.

## 7.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði er varða efnahagsreikning Menntaskólans á Akureyri:

- Skoða þarf hvort loka megi gjafasjóðum í einhverjum tilvikum og færa féð á aðra bankareikninga í eigu skólans þar sem um er að ræða lágar fjárhæðir og reikninga sem ekki hafa verið hreyfðir í mörg ár.
- Einnig þarf að skoða hvort fækka megi bankareikningum og smásjóðum.

## 8 Önnur atriði

### 8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af skólameistara og fjármálastjóra Menntaskólans á Akureyri 25. ágúst 2017.

### 8.2 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi, þar sem ekki kom fram lögfræðikostnaður í bókhaldi stofnunarinnar árið 2016 og samkvæmt upplýsingum skólameistara, meðal annars í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina.

### 8.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Menntaskólanum á Akureyri.

### 8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Menntaskólanum á Akureyri var undirrituð af ríkisendurskoðanda og skólameistara Menntaskólans á Akureyri 31. mars 2017.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningskil Menntaskólans á Akureyri.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)